



Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2018 seinni umræða 12. desember 2017

Inngangur

Fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar sem hér er lögð fram til seinni umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta verði 53 m.kr. en að samstæða A- og B-hluta skili 18 m.kr. afgangi. Jafnframt er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 130 m.kr.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu stærðir úr rekstrarreikningi.

Málaf.	Heiti	Framlög				Önnur			Fjármagnsliðir		Áætlun 2017		
		Skatttekjur	Jöfnunarsjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launat.gj.	rekstrargjöld	Afskriftir	Gjöld samtals	nettó	Rekstrar niðurstaða	Samanb.	Mismunur
Aðalsjóður													
00	Skatttekjur	-581.859	-260.878	50	-842.687				0		-842.687	-781.787	-60.900
02	Félagsþjónusta			-15.271	-15.271	42.486	79.054	121.540	106.269	91.976	14.293		
03	Heilbrigðismál				0		3.367	3.367	3.367	3.294	73		
04	Fræðslu- og uppeldismál			-37.427	-37.427	340.085	96.931	437.016	399.589	384.847	14.742		
05	Menningarmál			-13.521	-13.521	6.287	36.537	42.824	29.303	29.467	-164		
06	Æskulýðs- og íþróttamál			-47.818	-47.818	51.109	66.507	117.616	69.798	66.841	2.957		
07	Brunamál og almannavarnir			-300	-300	10.532	10.534	21.066	20.766	19.410	1.356		
08	Hreinlætismál			-22.219	-22.219	2.555	26.991	29.546	7.327	5.400	1.927		
09	Skipulagsfulltrúi, skipulagsnefnd			-6.973	-6.973	1.201	21.210	22.411	15.438	8.426	7.012		
10	Umferðar- og samgöngumál			-1.425	-1.425		19.324	19.324	17.899	17.271	628		
11	Umhverfismál			-170	-170	1.995	17.210	19.205	19.035	17.914	1.121		
13	Atvinnumál			-2.000	-2.000		1.410	1.410	-590	-712	122		
20	Framlög til B-hluta fyrirtækja				0			0	0	0	0		
21	Sameiginlegur kostnaður			-27.943	-27.943	73.059	55.775	128.834	100.891	93.749	7.142		
22	Lífeyrisskuldbindingar				0		7.500	7.500	7.500	5.518	1.982		
27	Óvenjulegir liðir				0			0	0	0	0		
28	Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				0		1.100	1.100	-8.220	-7.120	-12.499	5.379	
Aðalsjóður samtals		-581.859	-260.878	-175.017	-1.017.754	529.309	443.450	0	972.759	-8.220	-53.215	-50.885	-2.330
Aðrir sjóðir A-hluta													
31	Eignasjóður rekstur			-91.969	-91.969	10.030	46.001	29.344	85.375	21.256	14.662	10.641	4.021
	Millifærslur A-hluta			105.958	105.958		-105.958	-105.958	0	0	0	0	
A-hluti samtals		-581.859	-260.878	-161.028	-1.003.765	539.339	383.493	29.344	952.176	13.036	-38.553	-40.244	1.691
Sjóðir B-hluta													
41	Hafnar sjóður rekstur			-91.160	-91.160	26.322	36.070	7.938	70.330	3.138	-17.692	-26.495	8.803
43	Vatnsveita			-33.799	-33.799	6.848	8.127	4.494	19.469	4.242	-10.088	-5.917	-4.171
57	Félagslegar íbúðir			-20.786	-20.786	1.782	15.769	4.951	22.502	14.563	16.279	18.112	-1.833
61	Fráveita			-18.077	-18.077	2.274	3.027	107	5.408	2.334	-10.335	-9.424	-911
71	Hjúkrunarheimili			-21.300	-21.300		2.682	8.828	11.510	17.274	7.484	8.105	-621
93	Félagsheimilið			-2.800	-2.800		12.507	7.533	20.040	16.902	34.142	36.822	-2.680
	Millifærslur B-hluta			1.963	1.963		-1.963	-1.963	0	0	0	0	
A- og B-hluti samtals		-581.859	-260.878	-346.987	-1.189.724	576.565	459.712	63.195	1.099.472	71.489	-18.763	-19.041	278

Breytingar frá fyrri umræðu

Bæjarráð ákvað nokkrar breytingar á milli fyrri og síðari umræðu sem koma fram í niðurstöðu fjárhagsáætlunar. Helstu breytingar eru vegna hækkunar launa í slökkviliði Bolungarvíkur, framlagi til sérstaks umhverfisáttaks næsta sumar og aukinna styrkveitinga til UMFB og menningarmála sem veitt er til menningar- og ferðamálaráðs.

Heildaráhrif þessara breytinga eru 5,5 m.kr.

Önnur áhrif er sem hér segir.

Afkoma fyrri umræða	24.350.823
Breytingar milli umræða	-5.585.470
Afkoma seinni umræða	18.765.353
Veltufé frá rekstri fyrri umræða	136.259.063
Breytingar milli umræða	-5.585.470
Veltufé frá rekstri seinni umræða	130.673.593
Handbært fé í árslok fyrri umræða	50.173.281
Breytingar milli umræða	-5.585.470
Handbært fé í árslok seinni umræða	44.587.811

Fjárfestingar 2018

Í fjárfestingaáætlun ársins 2018 er gert ráð fyrir fjárfestingum uppá 150 m.kr. sem skiptist sem hér segir.

Fjárfestingar 2018

		Áætlaður kostnaður
Stálþil - Brimbrjótur	Hafnarsjóður	16.600
Önnur verkefni	Hafnarsjóður	3.400
Leikskóli - viðbygging	Eignasjóður	75.000
Slitlag, efra hverfi, Hafnargata ofl	Eignasjóður	18.500
Malbik, Vitastígur neðst og Höfðastígur neðst	Eignasjóður	21.800
Betri Bolungarvík - verkefni	Eignasjóður	3.000
Þjónustuhús á tjaldsvæði / frágangur lóðar	Eignasjóður	6.300
Endurbætur á Ráðhússal	Eignasjóður	5.400
		<u>150.000</u>

Framkvæmdir hjá Bolungarvíkurhöfn

Gert er ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við Brimbrjót sem felst í nýju stálþili og nýrri þekju. Verkefnið er á samgönguáætlun og fjármagnar Hafnarbótasjóður 85% af kostnaði fáið til þess fjármagn í fjárlagafrumvarpi ríkisins. Auk þess er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum á hafnarsvæði uppá 3,4 m.kr.

Leikskóli

Áætlað er að framkvæmdir við fyrsta hluta á stækkun leikskóla við Hlíðarstræti hefjist á árinu. Gert er ráð fyrir að verkið verði boðið út á fyrri hluta ársins og framkvæmdir hefjist um vorið.

Framkvæmdir vegna gatnagerðar

Gert er ráð fyrir umtalsverðri malbikunarframkvæmdum sumarið 2018. Stefnt er að því að bjóða út vinnu við malbikun í samstarfi við Vegagerðina ásamt sveitarfélögunum við Djúp.

Betri Bolungarvík

Um er að ræða verkefni sem íbúar geta komið með tillögur að og kosið verði um í rafrænni kosningu. Sett verður upp hugmynda- og kosningavefur á heimasíðu bæjarins og geta íbúar kosið um þau verkefni sem þeir vilja að fái framgang.

Þjónustuhús við tjaldsvæði

Um er að ræða frágang lóðar og frágang á húsnaði sem ekki náðist að klára á árinu 2017.

Endurbætur á ráðhússal

Á árinu 2017 var farið í vel heppnaðar breytingar á efri hæð Ráðhúss Bolungarvíkur, þar sem bæjarskrifstofur Bolungarvíkurkaupstaðar voru áður til húsa. Gert er ráð fyrir endurbótum á sal bæjarstjórnar á efri hæð hússins, sem komin er verulega til ára sinna.

Sjóðstreymi, lántaka, skuldir og skuldaviðmið

Áætlunin gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 130 m.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að tekin verði ný langtímalán að fjárhæð 140 m.kr en á sama tíma verði greidd niður lán að fjárhæð 107 m.kr.

Heildar skuldir og skuldbindingar verði í 1.698 m.kr í árslok 2018, en fjárhagsáætlun ársins 2017 gerði ráð fyrir að heildar skuldir og skuldbindingar verði 1.697 m.kr.

Gert er ráð fyrir að hlutfall reglulegra tekna af heildarskuldum og skuldbindingum verði 140% í lok árs 2018. Að frádregnu framtíðarinnflæði leigutekna hjúkrunarheimilis er skuldahlutfall sveitarfélagsins 110%. Samkvæmt 2. mgr. 64. gr. sveitarstjóralaga á þetta hlutfall ekki að vera hærra en 150%.

Þakkir

Bæjarstjóri vill þakka öllum forstöðumönnum og öðrum starfsmönnum sem komið hafa að vinnu við fjárhagsáætlun. Þá er bæjarráði og bæjarstjórn þakkað fyrir gott samstarf við áætlunargerðina.

Fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2018 er hér lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn.

Bolungarvík, 12. desember 2017

Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri